

Nr. 12.
7.
júni.

Lög

um

heimild fyrir landsstjórnina til hluttöku fyrir landssjóðs hönd
í hlutafjelagsbanka á Íslandi.

Vjer Christian hinn Níundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með
samþykki Voru:

1. gr.

Heimilt skal landsstjórninni að skrifa sig fyrir landssjóðs hönd fyrir hlutum í
hlutafjelagsbanka, sem stofnaður kann að verða á Íslandi, með því að gefa út skulda-
brjef fyrir hlutaupphæðinni með 1. veðrjetti í jarðeignum landssjóðs. Hlutaupphæðin
má þó ekki nema meira en 20% af virðingarverði þeirra jarðeigna, sem veðsettar eru.

2. gr.

Landsstjórnin annast um, að jarðeignimar verði virtar, og greiðist kostnaður-
inn við virðingargjörðirnar af landssjóði.

3. gr.

Enn fremur er landsstjórninni heimilt að taka lán fyrir landssjóðs hönd, allt
að 800,000 Kr., með alt að $4\frac{1}{2}\%$ ársrentu og árlegri afborgun 2% , gegn ábyrgð
landssjóðs og tryggingu í eignum hans, og skal láninu varið til hlutabryfakaupa sam-
kvæmt 1. gr.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þann dag, sem þau eru staðfest.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 7. júní 1902.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Í nafni konungs

Frederik,

krónprinz.

(L. S.)

Alberti.

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18de September 1891.

Lov

om

Nr. 12.
7de
Juni.

Bemyndigelse for Regeringen til Aktietegning paa Landskassens
Vegne i en Aktiebank i Island.

Vi Christian den Niende, af Guds Naade Konge til Danmark,
de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken,
Lauenborg og Oldenburg,

Gøre vitterligt: Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Regeringen bemyndiges til paa Landskassens Vegne at tegne Aktier i en Aktiebank, som maatte blive oprettet i Island, ved at udstede Forskrivninger for Aktiebeløbet med 1ste Prioritets Panteret i Landskassens Jordejendomme.

Aktiebeløbet maa dog ikke overstige 20 pCt. af de pantsatte Jordejendommers Vurderingssum.

§ 2.

Regeringen foranstalter Jordejendommene vurderede, saaledes at Vurderingsomkostningerne afholdes af Landskassen.

§ 3.

Endvidere bemyndiges Regeringen til paa Landskassens Vegne at optage Laan indtil 800,000 Kr., der forrentes med indtil $4\frac{1}{2}$ pCt. aarlig og afdrages med 2 pCt. aarlig paa Landskassens Ansvar og mod Sikkerhed i dens Aktiver, og skal Laanet anvendes til Aktietegning ifølge § 1.

§ 4.

Denne Lov træder i Kraft samme Dag som den stadfæstes.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 7de Juni 1902.

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

I Kongens Navn

Frederik,

Kronprins.

(L. S.)

Alberti.

Ministeriet for Island, den 7de Juni 1902.

Alberti.

Ólafur Halldórsson.